

# Verklagsreglur um tilkynningarskyldu heilbrigðisstarfsfólks til barnaverndarnefnda

Verklagsreglurnar eru unnar í samstarfi starfsfólks Landspítala háskólasjúkrahúss, barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu

## I. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með hönum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglum um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

## II. Tilkynningarskylda vegna þungaðra kvenna

Tilkynningarskyldan gildir einnig um þungaðar konur sem stofna heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífernri, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefnaneyslu.

Barnaverndarlög nr. 80/2002 3.mgr. 21. gr

Með þessum verklagsreglum er til þess ætlast að starfsmenn heilbrigðisstofnana meti hvort ástand, líðan eða umönnun barns sé þannig háttáð að tilkynna eigi um það til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr. Tilkynna þarf um grun ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd og/eða starfsmenn hennar sem meta hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því.

## III. Hver tilkynnir og hvernig

Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstakra starfsmanna. Stofnunin nýtur ekki nafnleyndar, sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna.

Þegar tilkynnt er skal það gert í samráði við þann sérfræðing sem ber ábyrgð á vaktinni á hverjum tíma eða honum tilkynnt um það eftir á. Á heilsugæslustöðum og vernd ungbarna skulu starfsmenn koma sér upp verklagsreglum um hver það er sem tilkynnir barnaverndarnefnd eða ber ábyrgð á að það sé gert.

Mælt er með að tilkynningar séu gerðar skriflega, en gefist ekki tími til þess má tilkynna símleiðis.

#### **IV. Um hvað er tilkynnt**

Mat á því hvort líkur séu á að barn hafi orðið fyrir /búi við ofbeldi og/eða vanrækslu.

1. Sögulegar forsendur ofbeldis/vanrækslu
  - Er fyrri saga um áverka- eða vanrækslueinkenni?
  - Vantar sögu um orsakir áverkans?
  - Hefði verið hægt að koma í veg fyrir áverkann með betri umönnun og gæslu?
  - Er sagan órökvís eða breytileg?
  - Er fyrri saga um endurtekna áverka eða innlagnir á sjúkrahús?
  - Var töf á því að leitað væri læknis?
  - Er í frásögninni leitast við að ýkja eða vanmeta áverkann?
  - Eru í sögunni upplýsingar um vandamál á meðgöngu, að barnið hafi fæðst fyrir tímamál og að það gæti haft áhrif á núverandi ástand.
  - Eru í sögunni upplýsingar um að barnið hafi ekki dafnað (failure to thrive) og þroskast eðlilega eða að ekki hafi verið leitað eftir eðlilegri heilbrigðisþjónustu svo sem ungbarnaskoðun eða bólusetningum?
  - Er ástand foreldris eða gæslumanns óviðunandi?
2. Líkamleg merki ofbeldis/vanrækslu
  - Samræmast áverkanir sögunni sem sögð er?
  - Eru áverkarnir margir?
  - Eru líkur á að áverkanir hafi orðið á mismunandi tíma?
  - Eru mismunandi tegundir áverka, t.d. brunasár og beinbrot?
  - Eru merki um almenna vanrækslu t.d. er barnið skítugt eða hrætt?
3. Berið saman söguna og niðurstöðu læknisskoðunar. Er samræmi þar á milli miðað við aldur og þroska barnsins?
4. Niðurstöður frá rannsóknarstofu.  
Skráið staðreyndir.  
Útilokið aðra læknisfræðilega möguleika.

#### **V. Talað við barn í einrúmi**

Þegar grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu skal leggja á það áherslu að tala við barnið í einrúmi og fá upplýsingar frá því um tilurð áverkans. Látið barnið lýsa því sem gerst hefur. Forðist beinar já/nei spurningar.

Hafa ber í huga að ef grunur vaknar um alvarlega ofbeldisáverka er það hlutverk barnaverndarnefndar og í sumum tilvikum lögreglu að rannsaka málið frekar.

#### **VI. Samskipti við foreldra**

Að jafnaði skal láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir að heilbrigðisstarfsfólk sé þannig að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarnefndar. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins og stuðning við það fremur en ásökun í þeirra garð.

Látið foreldra vita að í kjölfar tilkynningar geti þeir átt von á að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi samband og leiti frekari upplýsinga hjá þeim um hagi barnsins og umönnun þess.

Þegar grunur vaknar um ofbeldi gegn barninu af hálfu forsjáraðila eða annarra heimilismanna og talið er að það geti skaðað hagsmuni barnsins að forsjáraðila sé kunnugt um að tilkynnt hafi verið til barnaverndarnefndar, eiga heilbrigðisstarfsmenn ekki að ræða um tilkynninguna við foreldrana.

## **VII. Skráning í dagál**

Skráðið niður að tilkynnt hafi verið til barnaverndarnefndar og hver tók á móti tilkynningunni. Skráðið einnig niður hvaða rannsóknir hafa verið pantaðar og niðurstöður þeirra eins og hægt er.

Takið ljósmyndir af áverkunum ef hægt er

Metið hvort barnið sé í öryggi á heimili sínu eða hvort þörf sé á innlögn.

## **VIII. Upplýsingarskylda gagnvart barnaverndarnefnd**

Rétt þykir að nefna hér stuttlega aðrar skyldur heilbrigðisstofnana samkvæmt barnaverndarlögum. Mikilvægt er fyrir barnaverndarnefndir að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins. Upplýsingaskyldan gildir óháð því hvort viðkomandi stofnun hefur tilkynnt um málið til barnaverndarnefndar eða ekki. Þessi ákvæði eru tiltekin í 44. gr. barnaverndarlaganna:

*„Öllum heilbrigðis- og sjúkrastofnunum, þar með töldum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum sem veita félagslega þjónustu, geðdeildum, meðferðardeildum og meðferðarstofnunum fyrir áfengissjúklinga og fíkniefnaneytendur, og stofnunum sem veita félagslega þjónustu eða aðstoð, er skylt eftir að barnaverndarnefnd hefur tekið ákvörðun um könnun máls að láta nefndinni endurgjaldslaust í té upplýsingar um heilsu barns og foreldra þess, þar á meðal upplýsingar um ástand viðkomandi og batahorfum, auk annarra upplýsinga sem nefndin telur að skipt geti máli fyrir úrlausn málsins.*

*Upplýsingar samkvæmt þessari grein skal veita svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 14 dögum eftir að beiðni berst.*

*Upplýsingaskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu einstakra starfsstétta.“*

Barnaverndarlög nr. 80/220 1. 4. og 5. mgr. 44. gr.

**Tilkynningum ber að beina til barnaverndarnefndar þar sem barnið býr**

**Barnaverndarnefnd Reykjavíkur:** sími kl. 08.20 – 16.15 535 2600  
Bakvakt utan skrifstofutíma 892 7821

**Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar** sími 585 5700  
Bakvakt utan skrifstofutíma 664 5700

**Félagsmálaráð Kópavogs** sími 570 1400  
Bakvakt utan skrifstofutíma sími\_862 5975

**Félagsmálaráð Seltjarnarness** sími 595 9100  
Neyðarsími utan skrifstofutíma lögreglan í Reykjavík

**Félagsmálanefnd Mosfellsbæjar** sími 525 6700  
Utan skrifstofutíma 566 6605 og 899 2456

**Fjölskylduráð Garðabæjar** sími 525 8500  
Utan skrifstofutíma 820 8561 og 820 8562 eða lögreglan í Hafnarfirði

**Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar** sími 421 6700 og 863 9094  
Bakvaktarsímar 421 6898 og 863 9094

**Félagspjónustusvið Árborgar** sími 480 1900  
Utan skrifstofutíma 696 7020 og 482 2883 eða lögreglan á Selfossi sími 480 1010

**Félagsmálastofnun Hveragerðis** sími 483 4000  
Utan skrifstofutíma lögreglan á Selfossi sími 480 1010

**Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar (Akureyri og nágrenni)** sími 460 1420  
Utan skrifstofutíma lögregla á Akureyri sími 462 3222

**Félagsmálanefnd Ísafjarðar** sími 450 8001  
Bakvaktarsími 891 8095

Upplýsingar um símanúmer hjá öðrum barnaverndarnefndum má finna á heimasíðu  
Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is>